



Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísur er ætlað að auðvelda sveitarfélögum, heilsuefandi samfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfar íbúa þannig að hægt sé að vinna að því að bæta heilsu og líðan.

Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga. Sumum áhrifaþáttum heilsu er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði og hreyfingu og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð og aðgengi að menntun, atvinnu, húsnæði, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif (Dahlgren G, Whitehead M, 1991). Með því að hafa heilsu og líðan að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má draga úr ójöfnuði m.t.t. heilsu og um leið skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að heilbrigðari lifnaðarháttum.



Dahlgren G, Whitehead M. 1991. Policies and Strategies to Promote Social Equity in Health. Stockholm, Sweden: Institute for Futures Studies.

Svæðisbundinn munur á heilsu

Munur á heilsu og líðan eftir svæðum er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr þessum mun þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa hann til kynna og miðla upplýsingum til þeirra sem starfa á vettvangi. Hjá Embætti landlæknis er unnið að heilsuefingu á heildrænan hátt í

Vesturland

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir Vesturland eru frábrugðnar tölum fyrir landið í heild.

- Streita fullorðinna minnst á landinu
- Þátttaka í 4 ára bólusetningum mest
- Kannabisneysla fullorðinna undir landsmeðaltali
- Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman hæst
- Hlutfallslega fleiri meta líkamlega heilsu slæma
- Þátttaka barna í skipulögðu íþróttastarfi undir landsmeðaltali

gegnum Heilsuefandi samfélag og Heilsuefandi leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðisbundinna lýðheilsuvísa og Heilsuefandi samfélags geta sveitarfélög og heilbrigðisþjónusta unnið saman að því að bæta heilsu og líðan íbúa.

Val á lýðheilsuvísu

Við val á lýðheilsuvísu er sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsuefingar og forvarna. Einnig er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði lýðheilsu eru hafðar til hliðsjónar. Þar má nefna stefnu velferðarráðuneytisins um lýðheilsu og aðgerðir sem stuðla að Heilsuefandi samfélagi frá 2016, stefnu Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsu kvenna frá 2016, aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna langvinnra sjúkdóma frá 2013 og árlegar starfsáætlanir Embættis landlæknis.

Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn úr heilbrigðisskrám og könnunum um landlæknis, úr könnunum Rannsóknna og greininga, frá Hagstofu Íslands, Menntamálastofnun og Sjúkratryggingum Íslands. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni.



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- | Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir		Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Vesturland
Samfélag	1 Íbúafjöldi	2017	18.167	343.400		
	2 Íbúafjöldi (fjölgun/fækkun)	2013-17	3,6	6,1	%	
	3 Íbúar ≥ 80 ára	2017	4,1	3,6	%	
	4 Kynjahlutfall	2017	1,1	1,0	kk/kvk	
	5 Fæðingar mæðra <20 ára	2013-17	8,6	7,0	Á 1.000	
	6 Lesskilningur (9. b.)	2017	80,8	82,5	%	
	7 Háskólamenntaðir	2017	27,7	37,8	%	
	8 Eiga erfitt með að ná endum saman	2017	18,3	12,3	%	
Lífnaðarhættir	9 Hamingja fullorðinna	2017	60,7	59,9	%	
	10 Velliðan fullorðinna	2017	25,9	26,2	%	
	11 Vanlíðan í skóla (8.-10. b.)	2018	9,9	10,3	%	
	12 Einmanaleiki (8.-10. b.)	2018	9,5	9,8	%	
	13 Stuttur svefn (8.-10. b.)	2018	44,0	42,0	%	
	14 Stuttur svefn fullorðinna	2017	31,3	28,1	%	
	15 Streita fullorðinna	2017	18,9	23,9	%	
	16 Virkur ferðamáti í vinnu/skóla, fullorðnir	2017	28,4	20,5	%	
	17 Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi (8.-10. b.)	2018	44,3	52,1	%	
	18 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2017	8,3	10,9	%	
	19 Gosdrykkjaneysla (8.-10. b.)	2018	8,4	7,2	%	
	20 Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2017	18,2	18,0	%	
	21 Ofbeldi um ævina, fullorðnir	2017	31,2	30,4	%	
	22 Áhættudrykkja fullorðinna	2017	22,8	25,1	%	
Heilsa og sjúkdómar	23 Rafsígarettunotkun (10. b.)	2018	24,3	22,4	%	
	24 Reykingar fullorðinna	2017	10,4	9,4	%	
	25 Tóbaksnotkun í vör, fullorðnir	2017	6,9	4,9	%	
	26 Kannabisneysla fullorðinna	2017	0,6	1,9	%	
	27 Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2017	31,0	25,8	%	
	28 Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2017	24,5	21,2	%	
	29 Punglyndislyfjanotkun, kk	2017	99,3	96,0	DÞD	
	30 Punglyndislyfjanotkun, kvk	2017	174,7	177,0	DÞD	
	31 Líkamsþyngdarstuðull ≥ 30, fullorðnir	2017	35,1	26,6	%	
	32 Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlín	2017	31,9	33,9	DÞD	
	33 Blóðfitulækkandi lyf	2017	89,2	88,3	DÞD	
	34 Dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma, kvk	2013-17	219,0	168,9	Á 100.000	
	35 Nýgengi krabbameina, kk	2007-16	500,4	544,2	Á 100.000	
	36 Nýgengi krabbameina, kvk	2007-16	407,3	459,6	Á 100.000	
37 Sýklalyfjaávisanir < 5 ára	2017	928,2	1.088,0	Á 1.000		
38 Bólusetningar barna, 12 mánn.	2018	92,2	90,8	%		
39 Bólusetningar barna, 4 ára	2018	92,5	86,3	%		
40 Skimun fyrir leghálskrabbameini	2017	65,8	66,2	%		
41 Skimun fyrir brjóstakrabbameini	2017	58,8	57,1	%		
42 Líðskiptaaðgerðir á mjóðm	2013-17	213,7	239,6	Á 100.000		
43 Biðlisti eftir hjúkrunarrými, ≥ 67 ára	2017	4,5	7,6	Á 1.000		
44 Sérfræðingsheimsóknir	2017	0,9	1,4	Á íbúa		

Skýringar

1. Hagst. 2. Hagst. 3. Hagst. 4. Hagst. 5. Fs. Fæðingar/1.000 kvk 15-19 ára. Aldursst. 6. Mms. Lágmarkshæfni í lesskilningi í samræmdu könnunarprófi. 7. Hagst. 25-74 ára. 8. H&L. Frekar/mjög erfitt. 9. Vöktun. Svára 8-10 á hamingjukvarða (1-10). 10. H&L. Skora 31-35 á SWEMWBS kvarða (7-35). 11. R&G. Líður oft/nær alltaf illa. 12. R&G. Oft einmana sl. viku. 13. R&G. ≤ 7 klst/nóttu. 14. Vöktun. ≤ 6 klst/nóttu. 15. Vöktun. Finna oft/mjög oft fyrir mikilli streitu. 16. Vöktun. Gangahjóla ≥ 3x í viku. 17. R&G. Æfa íþróttir ≥ 3x í viku. 18. Vöktun. Borða grænmeti og ávexti ≥ 5x/dag. 19. R&G. ≥ daglega. 20. Vöktun. Sykraðir og/eða sykurlausir ≥ daglega. 21. H&L. Beitt(ur) líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi um ævina. 22. Vöktun. AUDIT-C samreikningur eftir kyni. 23. R&G. ≥ 1x sl. mánn. 24. Vöktun. Daglega. 25. Vöktun. ≤ daglega. 26. H&L. ≥ 1x sl. mánn. 27. H&L. 28. H&L. 29. Lgg. ATC: N06A. Aldursst. 30. Lgg. ATC: N06A. Aldursst. 31. H&L. Kg/m². 32. Lgg. ATC: A10B. Aldursst. 33. Lgg. ATC: C10. Aldursst. 34. Dms. ICD-10: I00-I99. Aldursst. 35. Krs. Öll mein. Aldursst. 36. Krs. Öll mein. Aldursst. 37. Lgg. ATC: J01. Aldursst. 38. Bss. Uppsafnað, árg. 2016. DtAP-IVP-Hib. 39. Bss. Uppsafnað, árg. 2012. dtAP. 40. LKÍ. Uppsöfnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára. 41. LKÍ. Uppsöfnuð 2ja ára mæting 40-69 ára. 42. Vss. NCSF: NFB, NFC. Aldursst. 43. Fhs. ≥ 67 ára. 44. SÍ.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldursstöðlun (Aldursst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýðni er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkðu sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldersdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðni (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DÞD: Skilgreindir dagskamtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánarminaskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Heilsa og líðan Íslendinga (H&L), Krabbameinsskrá (Krs), Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands (SKRÍ) (LKÍ), Lyfjagagnarunnur (Lgg), Menntamálastofnun (Mms), Rannsóknir og greining (R&G), Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), Vistunarskrá sjúkrahúsa (Vss), Vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis (Vöktun).